



Ársfundur Starfsendurhæfingarsjóðs

*Fyrstu skrefin
í uppbyggingu og þróun*

***Vigdís Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri***




Dagskrá:

1. Hlutverk og verkefni VIRK
2. Stéttarfélög og starfsendurhæfing
3. Réttur til þjónustu
4. Þjónusta og þjónustupættir
5. Fjöldi einstaklinga
6. Hvað segja einstaklingarnir?
7. Upphafið og næstu skref
8. Lokaorð




Starfsendurhæfing á vinnumarkaði

- **Hlutverk VIRK** er að draga markvisst úr líkum á því að starfsmenn hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu starfsendurhæfingar og öðrum úrræðum
- **Vinnumarkaðsúrræði** sem byggt er upp að frumkvæði aðila vinnumarkaðarins hér á landi.
- **Snemmbært inngrip** í starfsendurhæfingu getur aðeins átt sér stað í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins því langstærstur hluti launa- og bótagreiðslna í veikindum er greiddur af atvinnurekendum, sjúkrasjóðum og lífeyrissjóðum hér á landi.




Komum í veg fyrir þáttökuleysi!

Mikilvægt að tryggja samvinnu og samstarf til að koma í veg fyrir þennan feril



Verkefni VIRK



Stéttarfélög og starfsendurhæfing

Samningar við félag/félög/samtök:	Fj. stg. ráðgjafa	Landshluti
VR	3	Höfuðborgarsvæðið
Efling og Hlíf	2	
Félög iðnaðarmanna og ýmis félög á höfuðborgarsvæðinu	2	
BSRB	2	
BHM, KÍ og SSF	1	
Stéttarfélög á Akranesi	0,5	Akranes
Stéttarfélög í Borgarn. og Snæfellsn.	0,5	Borgarnes og Snæfellsnes
Stéttarfélög á Vestfjörðum	0,25	Vestfirðir
Stéttarfélög á Norðurl. vestra	0,5	Norðurland vestra
Stéttarfélög á Akureyri og Eyjafirði	1,5	Akureyri
Stéttarfélög á Austurlandi	1	Austurland
Stéttarfélög í Píngeyjarsýslum	0,5	Píngeyjarsýslur
Stéttarfélög á Suðurlandi	1	Suðurland
Stéttarfélög í Vestmannaeyjum	0,5	Vestmannaeyjar
Stéttarfélög á Reykjanesi	1	Reykjanes
Samtals	17,25	

- Samvinnuverkefni VIRK og stéttarfélaga um allt land
- Samningar um verkefni, ábyrgð og skyldur
- Stéttarfélög ráða ráðgjafa til starfa
- VIRK fjármagnar störfín og hefur faglega umsjón

Alls eru starfandi **22 ráðgjafar** um allt land í **17,25 stöðugildum**

Réttur til þjónustu

- Grunnforsenda er að til staðar sé **heilsubrestur**
- Þessir einstaklingar eiga rétt á aðstoð ef þeir glíma við heilsubrest:
 - Einstaklingar á vinnumarkaði
 - Einstaklingar á sjúkradagpeningum frá sjúkrasjóðum stéttarféлага
 - Einstaklingar á atvinnuleysisbótum
 - Örorkulífeyrisþegar lífeyrissjóðanna (m.v. að gjaldið verði lögfest).




Þjónusta og þjónustupættir

Einstaklingur pantar tíma hjá ráðgjafa:


Hann veit af þjónustunni sjálfur eða
honum er bent á hana af:

- Trúnaðarmanni á vinnustað
- Heimilislækni
- Stéttarfélagi
- Yfirmanni
- Vinnufélaga
- Öðrum aðilum



Þjónusta ráðgjafa hjá stéttarfélögum:

- Stuðningur og ráðgjöf
- Umsjón og eftirfylgni
- Upplýsingaöflun og tengsl
- Grunnmat
- Samstarf við vinnustað



Önnur þjónusta ef þarf Nokkur dæmi:

- Tímar hjá sálfræðingi
- Ýmis námskeið
- Sjálfsstyrkingin
- Næringarráðgjöf
- Fjármálaráðgjöf
- Líkamsrækt með stuðningi
- Sérhæfð starfsendurhæfingar-úrræði
- Þjónusta sérhæfðs matsteymis
- Stuðningur við vinnu

Hlutverk VIRK:

- Samningar og samstarf við stéttarfélög, atvinnurekendur og ýmsar opinberar stofnanir
- Mótun á starfi ráðgjafa, starfsaðferðir, vinnuferlar, öryggisreglur, handbækur, fræðsla, eftirlit og þjálfun
- Samningar við úrræðaaðila, eftirlit og kröfur

Fjöldi einstaklinga

- Flestir ráðgjafanna hófu störf síðastliðið haust
- Ríflega 800 manns hafa komið til ráðgjafa
- Kynjaskipting: 56% konur og 47% karlar
- Flestir eru á bótum hjá sjúkrasjóðum stéttarféлага eða á launum í veikindum
- Í dag eru um 500 manns í reglulegum viðtölum hjá ráðgjafa eða öðrum úrræðum
- Töluverður hópur er í eftirfylgd og stuðningi



Staða við lok ráðgjafar

- Tæplega 200 manns hafa “útskrifast”
- Flestir hafa náð vinnufærni að hluta eða öllu leiti

Útskrifaðir - staða við lok ráðgjafar:

	Fjöldi einstakl	Hlutfall
Í vinnu	91	53%
Í námi	19	11%
Atvinnulaus en með vinnugetu	33	19%
Á örorkulífeyri	30	17%
Samtals:	173	100%



- Stöðugt er unnið að því að bæta skráningu og skýrslugjöf
- Árangursmælikvarðar og þjónustukannanir eru í mótun

Hvað segja einstaklingarnir?

- *“Ef ég hefði ekki fengið þessa aðstoð hefði ég líklega neyðst til að draga verulega úr vinnu.....ég er sannfærð um að þessi aðstoð heldur mér í vinnu um ókomin ár”*

(Ung kona sem var að heltast af vinnumarkaði vegna brjóskaðs og bakverkja og fékk aðstoð ráðgjafa við að finna leiðir til að vera í vinnu þrátt fyrir verki)

- *“Ráðgjafarnir höfðu lag á að byggja mig upp og núna hlakka ég til framhaldsins.....og ég veit að ég hefði ekki getað gert þetta allt ein og óstudd”*

(Fertug kona sem ekki gat lengur sint starfi sínu vegna giktar og hefur nú – með aðstoð ráðgjafa - hafið nám og sér fram á nýja möguleika á vinnumarkaði)



Hvað segja einstaklingarnir?

- „Ég er afar þakklát. Ég vona bara að sem flestir fái upplýsingar um Starfsendurhæfingarsjóð og þá frábæru þjónustu sem hann veitir. Þegar fólk er orðið jafnilla haldið og ég var síðastliðið haust þá finnur það engin úrræði sjálft.“

(Kona sem var orðin óvinnufær vegna þunglyndis og fékk aðstoð ráðgjafa við að halda sér virkri og viðhalda vinnusambandi sínu)

- “Þetta hefur gengið rosalega vel og ég hef náð ótrúlegum árangri. Það er líka gott að einangrast ekki í veikindaleyfinu. Þá snýr maður sterkari til baka á ný.“

(Kona á miðjum aldri sem greindist með fjölvefjagigt og þakkar stuðningi ráðgjafa fyrir hversu vel gekk að komast aftur til vinnu)

- “Ef ég hefði ekki fengið þessa aðstoð hjá Soffíu og Starfsendurhæfingarsjóði er hætt við að ég hefði einangrast heima í veikindaleyfi, niðurbrotin manneskja.“

(Ung kona með MS sjúkdóminn. Er nú komin í hlutastarf)

Hvað segja einstaklingarnir?

- *“Að fara út og kíkja í vinnuna virkar í raun eins og geðlyf. Maður grípur í eitthvað þótt maður sitji ekki í 10 klukkustundir og svitni yfir excel. Það er gott að sitja í smástund, skilja eitthvað eftir sig og fara svo. Ég vil hvetja alla, ef aðstæður á vinnustað bjóða upp á það, að byrja ekki alveg á fullu. Þá þarf heldur ekki að troða í mann pillum og niðurgreiða þær. Það er ódýrara fyrir þjóðarbúið.”*

(Ungur maður sem gekk í gegnum erfiða krabbameinsmeðferð og fékk aðstoð ráðgjafa við að byggja sig upp og komast fyrr í vinnu)

- *“Ráðgjafinn reyndist alveg frábær. Hún stappaði í mig stálinu við að halda þeim draumi á lífi að ég fengi einhverntíma vinnu aftur”*

(Kona á miðjum aldri sem missti vinnuna og hefur átt við heilsubrest að stríða í nokkur ár. Hún er núna komin með vinnu og þakkar árangurinn m.a. þjónustu ráðgjafans)

Við erum rétt að byrja

- Fyrstu skrefin
- Metnaður
- Auðmýkt
- Lærdómsferli
- Gott samstarf
- Efla og tengja saman



Næstu skref:

- Stöðug endurskoðun á því sem við erum að gera
- Áframhaldandi þróun og uppbygging
- Aukið samstarf við utanaðkomandi aðila

Hin sanna hjálparlist

Öll raunveruleg hjálp
byrjar með virðingu fyrir þeim sem á að hjálpa.
Þess vegna verð ég að skilja:
Að hjálpa er ekki að drottna
heldur þjóna.
Skilji ég þetta ekki
Þá get ég ekki hjálpað neinum.

(Úr “Hin sanna hjálparlist” eftir Sören Kirkegaard)

